

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-73/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á spjaldtölvu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi felli niður reikning vegna viðgerðar á tölvunni.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. september. Með bréfi, dags. 3. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 17 október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 16. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 7. mars 2014 keypti álitsbeiðandi spjaldtölvu af gerðinni Samsung Galaxy Tab3 7" af seljanda fyrir kr. 29.495. Hinn 20. ágúst sl. fór tölvan í viðgerð til seljanda, þar sem hún tók ekki hleðslu. Segist álitsbeiðandi sjálfur hafa séð að litlir pinnar á tölvunni, þar sem hleðslunúru er stungið í hana, höfðu losnað. Framkvæmdi seljandi viðgerð á tölvunni og krafði álitsbeiðanda í kjölfarið um greiðslu kr. 9.000. Hafði álitsbeiðandi þá samband við þjónustustjóra seljanda sem tjáði honum að verkstæði seljanda hafi í sameiningu með framleiðanda metið að tölvan félli ekki undir ábyrgð þar sem hún hljóti að hafa orðið fyrir hnjaski. Álitsbeiðandi telur hins vegar afar ólíklegt að tölvan hafi orðið fyrir hnjaski og bendir m.a. á að ekki sé hægt að sjá að endi hleðslunúrunnar hafi orðið fyrir hnjaski. Segir álitsbeiðandi að hann hafi bent seljanda á að skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, beri seljandi sönnunarbyrðina fyrir því að tölvan sé ekki haldin galla, þar sem tölvan hafi bilað innan sex mánaða frá því kaupin fóru fram. Seljandi hafi aftur á móti tjáð honum að viðgerðarskýrsla verkstæðis myndi sanna að ekki væri um framleiðslugalla að ræða. Fékk álitsbeiðandi afrit af umræddri skýrslu, en eftir að hafa lesið hana segist hann ekki vera nokkru nær um af hverju seljandi hafni því að bera ábyrgð á biluninni.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af reikningi fyrir kaupum á umræddri tölvu, afrit af viðgerðarbeiðni, dags. 20. ágúst, afrit af bilanalýsingu og viðgerðarlýsingu, dags. 22. ágúst ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við Neytendasamtökin og seljanda.

#### **IV**

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum, rituðum af þjónustustjóra seljanda, vísar seljandi í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, með sérstakri áherslu á lokamálslið greinarinnar. Þá segir seljandi nokkuð ljóst út frá mati þeirra sem gerðu við tölvu álitsbeiðanda að hleðslutengi hennar hafi

verið brotið og að augljóst sé að það gerist ekki af sjálfu sér. Því sé það mat verkstæðisins, og þar með mat seljanda, að tölvan hafi ekki verið haldin framleiðslugalla.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi spjaldtölvu af gerðinni Samsung Galaxy Tab3 7" af seljanda hinn 7. mars 2014 fyrir kr. 29.495. Hinn 20. ágúst sl., þ.e. rúmlega 5 mánuðum eftir kaupin, fór álitsbeiðandi með tölvuna í viðgerð hjá seljanda þar sem hún tók ekki hleðslu. Seljandi, eða verkstæði á hans vegum, framkvæmdi viðgerð á tölvunni hinn 22. ágúst. Í viðgerðarlýsingu verkstæðisins er viðgerðinni lýst svo: „Skipt um brotið hleðslutengi. Tæki prófað og mælt í lagi.“ Ekkert fleira kemur fram um viðgerðina í gögnum málsins. Álitsbeiðandi telur afar ólíklegt að meðferð hans á tölvunni hafi valdið því að hleðslutengið hafi brotnað og bent á að hleðslunúran sem gengur við hleðslutengið, sýni engin merki hnjasks. Seljandi segir ljóst að hleðslutengi tölvunnar hafi verið brotið og að augljóst sé að slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Því sé það mat verkstæðisins sem gerði við tölvuna, og mat seljanda, að tölvan hafi ekki verið haldin framleiðslugalla. Báðir aðilar vísa einnig í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, máli sínu til stuðnings. Vísar álitsbeiðandi til fyrri málsliðar 2. mgr. en seljandi til síðari málsliðar.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Fyrir liggur að hleðslutengi á spjaldtölvu álitsbeiðanda var brotið þegar gert var við tölvuna 22. ágúst sl. Hlutlægt séð var tölvan því haldin galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laganna. Hins vegar, eins og að framan greinir getur tölvan ekki talist gölluð nema að gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“. Verði ástæða þess að hleðslutengi tölvunnar brotnaði rakið til meðferðar álitsbeiðanda á tölvunni, ber því að hafna kröfum hans. Verði bilunin á hleðslutenginu hins vegar talin hafa verið til staðar við kaupin, þrátt fyrir að hún hafi ekki komið fram fyrr en rúmum 5 mánuðum síðar, er hins vegar um galla að ræða, sem seljandi ber ábyrgð á. Öllu jafna þurfa þeir sem halda fram galla á söluhlut að sýna fram á þann galla sjálfir. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er hins vegar að finna undantekningu frá þeirri reglu. Málsgreinin er svohljóðandi:

„Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.“

Fyrri málsliður greinarinnar þýðir í raun að þegar galli kemur upp innan sex mánaða frá því kaup fóru fram, telst sá galli hafa verið til staðar við kaupin, nema að seljandi sýni fram á annað. M.ö.o. hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að varan sé ekki haldin galla á seljanda. Í síðari málslið 2. mgr. 18. gr. er síðan að finna heimild til að líta framhjá þeirri reglu sem sett er fram í fyrri málslið greinarinnar. Í greinargerð sem fylgdi lögum nr. 48/2003 um neytendakaup segir síðan m.a. eftirfarandi í skýringum við síðari málslið greinarinnar:

„Undantekningar er varða eðli gallans geta t.d. varðað tilvik þar sem orsaka gallans er að leita í atvikum sem urðu eftir áhættuflutninginn og þar sem gallinn sjálfur, út frá almennri reynslu, bendir til þessa. Sem dæmi um þetta má nefna tilvik þar sem aðstæður benda til að söluhlutur hafi orðið fyrir höggi sem honum hefur frá upphafi ekki verið ætlað að þola.“ Með öðrum orðum þá á undantekningin frá almennum sönnunarreglum sem kveðið er á um í 2. mgr. 18. gr. laganna ekki við þegar að aðstæður benda t.d. til þess að söluhlutur hafi orðið fyrir einhverju hnjaski eða höggi, eftir afhendingu til neytanda, sem hlutnum var aldrei ætlað að þola.

Mál þetta varðar brotið hleðslutengi á spjaldtölvu, sem er viðkvæmt raftæki. Brotnaði hleðslutengið þegar tölvan var í meðförum álitsbeiðanda. Eru þannig meiri líkur en minni á því að söluhluturinn hafi orðið fyrir hnjaski eða höggi í meðförum neytanda, en að annað hafi komið til sem olli því að hleðslutengi tölvunnar brotnaði. Er það því mat kærunefndarinnar að sönnunarregla 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi ekki við í málinu. Af því leiðir að sönnunarbyrðin fyrir því að umrædd spjaldtölva sé gölluð hvílir á álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu ekki lagt fram nein gögn sem styðja fullyrðingar um að tölva hans sé haldin galla. Seljandi hefur hins vegar borið því við að verkstæðið sem gerði við tölvuna telji hana ekki haldna framleiðslugalla. Þrátt fyrir að ekkert komi fram um það í gögnum málsins að verkstæðið hafi framkvæmt slíkt mat, raunar kemur ekkert annað fram í skoðunarskýrslu verkstæðisins annað en að skipt hafi verið um hleðslutengi tölvunnar, breytir það ekki því að álitsbeiðandi hefur í engu sýnt fram á tölvan hafi verið haldinn galla. Verður því að líta svo á að ástand tölvunnar sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varði í skilningi 1. mgr. 26. gr. laganna. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir